



DIPLÓMA- OG MEISTARANÁM Í HEILBRIGÐISVÍSINDUM
Með áherslu á fötlun og endurhæfingu

Inngangur

Framhaldsnámsdeild heilbrigðisvísindasviðs Háskólans á Akureyri býður upp á áhugavert og krefjandi nám. Í diplóma- og meistaranámi með áherslu á fötlun og endurhæfingu er sjónum beint að þekkingu og sérhæfingu í fötlunar- og endurhæfingarfræðum. Veitt er greinargóð innsýn í fræðilega umfjöllun um sviðið, fjallað um þróun hugmyndafræði í málefnum fatlaðs fólks og gerður samanburður á ólíkum sjónarmiðum er varða heilsu, heilbrigðisvanda, fötlun og lífsgæði.

Áhersla er á heilðræna nálgun með samspil einstaklings og umhverfis að leiðarljósi. Hlutverk hæfingar og endurhæfingar í að efla fólk og auka lífsgæði þess er í brennidepli. Sjónum er einnig beint að stefnumótun í málefnum fatlaðs fólks og réttindamálum út frá hugmyndum um jafnræði, þátttöku og aðgengi fyrir alla. Markmiðið er að nemendur fái yfirgripsmikla þekkingu sem nýtist þeim til að leggja gagnrýnið mat á endurhæfingu og aðra þjónustu við fatlað og langveikt fólk í íslensku samfélagi. Rýnt er í endurhæfingarferlið, þverfaglegt samstarf og aðrar leiðir sem stuðla að árangursríkri og skilvirkri þjónustu.

Námið hentar vel fyrir þá sem hafa áhuga á málefnum fatlaðs fólks og þeirra sem glíma við langvinna heilbrigðisvanda. Náminu er ætlað að styrkja fagfólk til að takast á við þær margvíslegu áskoranir sem mæta því í heilbrigðis- og félagsþjónustu við markhópinn.

Nemendur setja sér markmið þar sem rauði þráðurinn er fötlun og endurhæfing og geta sérhæft sig á ákveðnum sviðum í samvinnu við kennara. Fræðasviðið leiða þær Snæfríður Þóra Egilson, með áherslu á börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra, og Guðrún Pálmadóttir, með áherslu á endurhæfingu og eflingu fullorðinna. Þær aðstoða nemendur við að setja sér markmið og velja námskeið sem skila þeim að settu marki.

Velkomin í námið!

Snæfríður Þóra Egilson og Guðrún Pálmadóttir



Snæfríður Þóra Egilson, prófessor
Netfang: sne@unak.is



Guðrún Pálmadóttir, dósent
Netfang: gudrunp@unak.is

Um handbókina

Í handbókinni er að finna hagnýtan fróðleik um uppbyggingu og skipulag diplóma- og meistaranáms í heilbrigðisvísindum með áherslu á fötlun og endurhæfingu. Sumar upplýsingar eru almenns eðlis, en aðrar eru nákvæmari og lúta að skipulagi náms og námskeiðslýsingum.

Umsóknarfrestur

Umsóknum fyrir komandi skólaár 5. júní. Ef sótt er um innritun á vormisseri, þá sjá nánar Almanak HA á www.unak.is.

Námstítlar

Námstítlarnir eru diplóma (40 ein.) og meistaragráða (120 ein.) í heilbrigðisvísindum með áherslu á fötlun og endurhæfingu.

Inntökuskilyrði

Nemandi sem hefur lokið bakkalárgráðu á sviði heilbrigðisvísinda eða skyldra greina með að öllu jöfnu fyrstu einkunn frá viðurkenndri háskólastofnun getur sótt um framhaldsnám á heilbrigðisvísindasviði. Einnig er litið til starfsreynslu við val á nemendum inn í námið. Deildarfundur framhaldsnámsdeildar metur hverju sinni hvort samsetning fyrstu háskólagráðu tryggir nægilega undirstöðu. Eftir umfjöllun í deildaráði eru umsóknir afgreiddar á deildafundi heilbrigðisvísindasviðs.

Skipulag og almenn lýsing

Framhaldsnámið er skipulagt í lotum, *einn og hálfan dag í mánuði fyrir hvert námskeið*, samtals fjórar námslotur á hverju misseri. Kennir eru 12 tímar í hverri lotu. Nemendur sinna lestri og verkefnavinnu á milli námslota.

Yfirlit yfir 40 eininga diplómanám:

EEL0105 - Endurhæfing, efling og lífsgæði	10 ein.
FOS0105 - Fötlun og samfélag	10 ein.
HHS0105 - Heilbrigði og heilbrigðisþjónusta:	
Staða, stefnur og straumar	10 ein.
Valnámskeið	10 ein.

Yfirlit yfir 120 eininga meistaranám:

EEL0105 - Endurhæfing, efling og lífsgæði	10 ein.
FOS0105 - Fötlun og samfélag	10 ein.
HHS0105 - Heilbrigði og heilbrigðisþjónusta:	
Staða, stefnur og straumar	10 ein.
EIR0155 - Eigindlegar rannsóknir	10 ein.
MER0155 - Megindlegar rannsóknir	10 ein.
Valnámskeið	10 ein.
MPR0130 Meistararannsókn	60 ein.

Yfirlit yfir skyldunámskeið í diplóma- og meistaranáminu í heilbrigðisvísindum með áherslu á fötlun og endurhæfingu og valnámskeið á heilbrigðisvísindasviði. Sjá námskeiðslýsingar aftast í handbókinni og einnig á vefslóðinni http://www.unak.is/heilbrigdisvisindasvid/page/hei_namsogkennsluskra

<i>Skyldunámskeið í diplómanáminu</i>	<i>Skyldunámskeið í meistaranáminu</i>	<i>Valnámskeið á heilbrigðisvísindasviði</i>
EEL0105 Endurhæfing, efling og lífsgæði	EEL0105 Endurhæfing, efling og lífsgæði	KRA0105 Krabbamein og líknandi meðferð
FOS0105 Fötlun og samfélag	FOS0105 Fötlun og samfélag	LSL0105 Langvinnir sjúkdómar og lífsglíman
HHS0105 Heilbrigði og heilbrigðisþjónusta: Staða, stefnur og straumar	HHS0105 Heilbrigði og heilbrigðisþjónusta: Staða, stefnur og straumar	SRI0105 Stjórnun, rekstur og ígrundun
	EIR0155 Eigindlegar rannsóknir	ÖHÍ0105 Öldrun og heilbrigði í íslensku samfélagi
	MER0155 Megindlegar rannsóknir	
	MPR0130 Meistararannsókn	

Nemendur geta einnig sótt valnámskeið við aðra innlenda eða erlenda háskóla í samráði við ráðgjafa á fræðasviðinu.

	Diplómanám 40 einingar	Meistaránám 60 einingar
	<i>Að námi loknu skal nemandi:</i>	
Þekking og skilningur	<ul style="list-style-type: none"> ✓ hafa almenna sýn yfir hugmyndir, kenningar, hugtök og aðferðir á sviði fötlunar og endurhæfingar. ✓ geta nýtt þekkingu sína í faglegu samhengi. 	<ul style="list-style-type: none"> ✓ hafa viðtæka og kerfisbundna sýn og skilning á hugmyndum, kenningum, hugtökum og aðferðum á sviði fötlunar og endurhæfingar. ✓ geta samþætt þekkingu sína og skilning og beitt faglegum rökstuðningi á fræðasviðinu.
Tegund þekkingar	<ul style="list-style-type: none"> ✓ hafa innsýn í líf og líðan fólk sem býr við fötlun eða langvinn veikindi og þekkja ólíkar leiðir til að auka þátttöku þess og lífsgæði. ✓ þekkja helstu kenningar um heilbrigði, færni og fötlun. 	<ul style="list-style-type: none"> ✓ hafa kerfisbundið yfirlit yfir hugmyndir og rannsóknir á tilteknu sviði, svo sem aðstæður og þátttöku fólks sem býr við fötlun eða langvinn veikindi, og þjónustu við ákveðna hópa. ✓ vera fær um að meta á gagnrýninn hátt hugmyndir, kenningar, rannsóknir og starfsaðferðir á tilteknu sviði innan fötlunar- og endurhæfingarfræða.
Hagnýt hæfni	<ul style="list-style-type: none"> ✓ þekkja vel það vinnulag sem viðurkennt er í þjónustu við fólk sem býr við fötlun eða langvinn veikindi. ✓ vera fær um að nýta hugmyndir og kenningar í þróun endurhæfingar og félagslegrar þjónustu við fatlað fólk. ✓ geta tekið sjálfstæðar og faglegar ákvarðanir og rökstutt þær á grunni fræða og starfs. 	<ul style="list-style-type: none"> ✓ vera fær um að taka sjálfstæðar og faglegar ákvarðanir og rökstyðja þær á grunni kenninga og rannsókna í fötlunar- og endurhæfingarfræðum. ✓ geta þróað verkefni og aðferðir í þjónustu við fatlað fólk á grunni kenninga í fötlunar- og endurhæfingarfræðum. ✓ vera fær um að meta, greina og afla vísindalegra gagna á sviðinu.

Fræðileg hæfni	<ul style="list-style-type: none"> ✓ geta ígrundað starf sitt í ljósi kenninga og rannsókna á fötlun og endurhæfingu. ✓ vera fær um að byggja starf sitt á gagnreyndri þekkingu. 	<ul style="list-style-type: none"> ✓ þekkja rannsóknaraðferðir á sviði fötlunar- og endurhæfingarfræða og vera læs á rannsóknir og niðurstöður annarra. ✓ geta beitt gagnrýnni hugsun, kenningum og viðeigandi aðferðum í eigin rannsóknar- og fræðavinnu.
Hæfni til samskipta	<ul style="list-style-type: none"> ✓ vera fær um eflandi samskipti og að mæta þörfum fólks sem þarf á þjónustu að halda. ✓ vera fær um að starfa í þverfaglegu fagteymi þar sem gæðaþjónusta er höfð að leiðarljósi. 	<ul style="list-style-type: none"> ✓ vera fær um að taka frumkvæði, veita leiðsögn og stýra fræðilegum og hagnýtum verkefnum á tilteknu sviði fötlunar og endurhæfingar. ✓ geta greint frá fræðilegum viðfangsefnum og niðurstöðum er tengjast tilteknu sviði og útskýrt þau fyrir fagfólki og almenningi.
Námshæfni	<ul style="list-style-type: none"> ✓ vera fær um að takast á við áframhaldandi þekkingaröflun og þróun í starfi. 	<ul style="list-style-type: none"> ✓ vera fær um að takast á við áframhaldandi sjálfstæða rannsóknarvinnu. ✓ vera fær um að hefja doktorsnám.

Náms- og kennsluaðferðir

Nemendur í framhaldsnámi hafa ólíkan bakgrunn og miðla mismunandi reynslu. Áhersla er lögð á virkni nemenda og fjölbreyttar kennsluaðferðir notaðar til að stuðla að þátttöku þeirra og frumkvæði. Þar má nefna umræður, málstofur og einstaklings- og hópverkefni sem tengjast fræðum og starfi.

Ætlast er til þess að nemendur taki ábyrgð á eigin námi og að leiðsögn kennara og umræður í kennslulotum séu upphaf að frekari lestri og greiningu á viðfangsefnum. Nemendur lesa kennslubækur og greinar til að öðlast þekkingu á helstu kenningum, rannsóknum og aðferðum á fræðasviðinu. Þeir þurfa að hafa lokið lestri námsefnis fyrir hverja lotu og vera undirbúnir fyrir gagnrýna umfjöllun og umræður.

Kennslan er skipulögð í rafrænu vefumhverfi. Þar er að finna námskeiðslýsingar, verkefnalýsingar, áhugaverðar slóðir og upplýsingar um námsefni. Þar eiga sér stað samskipti nemenda við kennara og samnemendur á milli kennslulota.

Ætlast er til að nemendur mæti í kennslulotur enda námskeiðin skipulögð með það í huga. Tímasókn auðveldar mjög alla verkefnavinnu og er forsenda gagnrýnnar umræðu og markvissrar greiningar á viðfangsefnum, auk þess sem nemendur tengjast hver öðrum og kennurum sínum.

Námsmat

Námsmat er með ýmsu móti í samræmi við námsmarkmið og kennsluhætti. Frammistaða nemenda er m.a. metin með einstaklings- og hópverkefnum, þátttöku í málstofum og raunverkefnum/tilviksathugunum (case studies). Til að standast hvert námskeið þurfa nemendur að ná lágmarkseinkunninni 5,0 í öllum námsmatsþáttum.

Námsskipulag og framvinda

Diplómanám í heilbrigðisvísindum með áherslu á fötlun og endurhæfingu er til 40 eininga og meistaranámið til 120 eininga. Þeim sem hafa lokið diplómanámi til 40 eininga með fyrstu einkunn gefst kostur á að ljúka meistaranámi með því að bæta við sig 20 einingum í námskeiðum auk 60 eininga rannsóknar á sviði fötlunar- og endurhæfingarfræða.

Reglur um framhaldsnám er að finna á vefslóðinni:

<http://www.unak.is/heilbrigdisvisindasvid/page/reglurumframhaldsnam>

Þeir sem koma að framhaldsnámi í heilbrigðisvísindum með áherslu á fötlun og endurhæfingu:

Guðrún Pálmadóttir, dósent í iðjubjálfun

Netfang: guðrunp@unak.is

Dr. Snæfríður Þóra Egilson, prófessor

Netfang: sne@unak.is

Dr. Sigríður Halldórsdóttir, prófessor og *formaður framhaldsnámsdeildar*

Netfang: sigridur@unak.is

Lára Garðarsdóttir, *skrifstofustjóri heilbrigðisvísindasviðs*

– skráning, skipulag og upplýsingar

Netfang: lara@unak.is

Frekari aðstoð

Nemar geta auk þess leitað eftir aðstoð frá eftirtöldum aðilum við Háskólann á Akureyri

- ✓ *Gagnasmiðja* – Kennslukerfið Moodle, aðgangsorð, tæknileg aðstoð, kennsla á forrit o.fl. <http://www.unak.is/gagnasmidjan> Netfang: gagn@unak.is
- ✓ *Bókasafn Háskólans á Akureyri* – heimildaleit- og skráning, útlán rita, rafrænir gagnagrunnar, millisafnalán o.fl. <http://www.unak.is/bokasafn/> Netfang: bsha@unak.is
- ✓ *Þjónustuyfirlit* - Við Háskólann á Akureyri er kappkostað að veita nemendum og starfsfólki framúrskarandi þjónustu. Hér er yfirlit yfir nokkra helstu þjónustuflokkana. <http://www.unak.is/namid/page/thjonustuyfirlit>

EEL0105 - Endurhæfing, efling og lífsgæði 10 ein.

Lýsing

Meginviðfangsefni námskeiðsins er endurhæfing sem þverfaglegt úrræði í heilbrigðisþjónustu. Með því að samþætta þekkingu og reynslu fleiri heilbrigðisstétta öðlast nemendur innsýn í heildræna og þverfaglega endurhæfingu sem hefur hámarksgæði og árangur að leiðarljósi. Áhersla er á hlutverki endurhæfingar í að efla einstaklinga á öllum sviðum og auka þátttöku þeirra og lífsgæði. Fjallað er um sögu og hugmyndafræði endurhæfingar með áherslu á samspil heilsu og færni í víðu samhengi. Endurhæfingarferlið og aðlögunar- og bataferli skjólstæðinga eru skoðuð með gagnrýnu hugarfari sem og hlutverk fagfólks, skjólstæðinga og aðstandenda í því samhengi. Þá er fjallað um áhrif endurhæfingar á samfélagið og leiðir sem stuðla að skilvirkari og árangursríkari endurhæfingarþjónustu.

Að námskeiðinu loknu skal nemandi:

- Geta gert grein fyrir sögu, hugmyndafræði, gildum og úrræðum í endurhæfingu og tengja við ólík líkön og sjónarhorn um heilbrigði og heilbrigðisþjónustu,
- geta fjallað um ferli endurhæfingar, aðlögun og bata í víðum skilningi og hafa innsýn í nálgun, vinnulag og samstarf ólíkra fagstétta,
- kunna skil á kenningum og aðferðum sem stuðla að virkri þátttöku skjólstæðinga í endurhæfingarferlinu og vera meðvitaður um réttindi skjólstæðinga og aðstandenda þeirra,
- vera meðvitaður um mikilvægi gagnreynds starfs og kunna aðferðir til að meta árangur endurhæfingar frá sjónarhorni skjólstæðinga, fagfólks og samfélagsins,
- geta ígrundað og rætt hvernig eflandi samskipti, stuðningur og samstarf hvetja til samfélagsþátttöku og auka lífsgæði,
- hafa innsýn í þjónustulíkön og þjónustuúrræði á ólíkum sviðum endurhæfingar og hlutverk og stefnu stjórnsýslukerfa þar að lútandi.

Námsmat

Verkefni

FOS0105 - Fötlun og samfélag 10 ein.

Lýsing

Námskeiðinu er ætlað að veita innsýn í félagsleg sjónarhorn á fötlun. Fjallað verður um þróun hugmyndafræði í málefnum fatlaðs fólks síðastliðna áratugi og gerður samanburður á ólíkum sjónarmiðum varðandi heilsu, heilbrigði og fötlun. Áhersla er á heilðræna þverfaglega nálgun með sérstöku tilliti til tengsla einstaklings, fjölskyldu og samfélags. Nemendur fá innsýn í lífshlaup fatlaðs fólks og hvernig fatlað fólk lítur á líf sitt og aðstæður. Rýnt verður í tilhögun þjónustu við fatlað og langveikt fólk í íslensku samfélagi, sem og leiðir til að tryggja mannréttindi þeirra og mannfrelsi. Einnig verður fjallað um opinbera stefnumótun og samspil stjórnsýslukerfa.

Námsmarkmið:

Að námskeiðinu loknu skal nemandi:

- Hafa innsýn í ólík sjónarmið varðandi heilbrigði og fötlun í árána rás,
- geta fjallað um félagsleg sjónarhorn á fötlun og nýtt þau til að rýna í líf og aðstæður fatlaðs fólks,
- geta greint hvernig þættir í umhverfinu ýmist stuðla að eða torvelda þátttöku fatlaðs fólks í samfélaginu,
- þekkja vel helstu áskoranir sem tengjast einstaklingsbundnum þáttum, svo sem aldri, kynferði, lífsskeiði og skerðingu,
- hafa skilning á helstu úrlausnarefnum sem fjölskyldur einstaklinga sem búa við skerðingu standa frammi fyrir,
- geta ígrundað lög, reglugerðir, þjónustuúrræði og starfsaðferðir í ljósi félagslegra sjónarhorna á fötlun,
- geta nýtt þekkingu sína til að skilgreina faglegar ákvarðanir og rökstutt þær á grunni fræða og starfs.

Námsmat

Verkefni

HHS0105 - Heilbrigði og heilbrigðisþjónusta: Staða, stefnur og straumar 10 ein.

Viðfangsefni þessa námskeiðs er að kynna sögu, stöðu, stefnur og strauma varðandi heilbrigði og heilbrigðisþjónustu á Íslandi og á alþjóðlegum vettvangi. Nemendur kynna sér það sem gert er í landinu til að bæta heilbrigði, virkni og líðan með ýmsum aðgerðum. Þeir afla sér þekkingar um ýmsa áhrifavalda um heilsu/heilbrigði, virkni og vellíðan hvort sem þeir falla undir lífsstíl, lífsskilyrði, heilbrigðisþjónustu, aldur/kyn eða erfðir. Skipulag námsins gerir ráð fyrir sjálfstýrðu námi nemenda að stórum hluta. Ætlast er til að nemendur taki virkan þátt í öllu námsferlinu, þeir þurfa að hafa lokið lestri tilsetts námsefnis fyrir tímana, vera undirbúnir undir notkun hugtaka og taka þátt í umræðum um efnið sem og mynda sér skoðanir og tengja námsefni frá öðrum námskeiðum. Námsaðferðir eru gagnasöfnun, heimalestur, fyrirlestrar kennara, forráðamanna ýmissa stofnana og nemenda, umræður og rökræður með eða móti ýmsum málum, kynning nemenda á verkefnum sínum og hópvinna.

Námsmarkmið:

Að námskeiði loknu skal nemandi:

- Þekkja ólíkar skilgreiningar á ýmsum grunnhugtökum heilbrigðisvísinda,
- þekkja lög og reglugerðir á sviðinu og vera fær um að leggja gagnrýnið mat á hvoru tveggja,
- geta rætt á gagnrýninn hátt sögu heilbrigðismála og stefnumótunar í heilbrigðisþjónustu og hafa innsýn í gagnreynda starfshætti,
- kunna skil á ýmsum líkönum og flokkunarkerfum sem varða skipulag og starfsemi heilbrigðisþjónustu,
- þekkja áhrifaþætti varðandi heilbrigði/heilsu einstaklinga, hópa, samfélaga og geta sett fram í ræðu og riti hugmyndir að úrbótum m.t.t. lýðheilsu,
- vera læs á faraldsfræðilegar rannsóknir og geta lagt mat á gildi þeirra,
- Þekkja og vera fær um að rökræða hindranir og hvata að breytingum á þáttum sem varða heilbrigði og heilbrigðisþjónustu.

Námsmat

Verkefni

EIR0155 - Eigindlegar rannsóknir 10 ein.

Viðfangsefni þessa námskeiðs er að kynna eigindlegar rannsóknir og rannsóknaraðferðir ásamt fræðilegum forsendum þeirra, takmörkum þeirra og kostum. Nemar kynnast helstu þáttum eigindlegrar aðferðafræði og læra til verka við að beita eigindlegum rannsóknaraðferðum í eigin verkefnum svo sem að afla gagna og greina þau. Þeir öðlast þekkingu á ýmsum viðfangsefnum og álitamálum sem tengjast eigindlegum rannsóknnum svo sem siðfræðilegum þáttum og um réttmæti og áreiðanleika. Nemar læra að nýta sér eigindlegar rannsóknir í eigin verkefnum.

Námsmarkmið:

Að námskeiði loknu skal nemandinn:

- Þekkja ólíkar eigindlegar rannsóknarhefðir og fræðilegar forsendur þeirra,
- þekkja helstu þætti eigindlegra rannsókna, takmarkanir þeirra og kosti,
- hafa þjálfun í völdum tegundum eigindlegra rannsóknaraðferða og kunna til verka við að skrifa eigindlegar rannsóknarskýrslur, byggðar á eigin gagnaöflun,
- þekkja helstu gagnasöfnunaraðferðir í eigindlegum rannsóknnum, svo sem vettvangsathuganir og viðtöl, og geta beitt a.m.k. tveimur þeirra í eigin verkefni,
- þekkja og geta rætt notagildi eigindlegra rannsókna t.d. notkun þeirra sem undirstöðu í meginlegum rannsóknnum og kenningarsmíði,
- vera fær um að lesa og nýta sér eigindlegar rannsóknir.

Námsmat:

Verkefni

MER0155 - Megindlegar rannsóknir 10 ein.

Fjallað er ítarlega um meginlegar rannsóknaraðferðir og rannsóknarsnið, þar sem tölfræði og aðferðafræði er fléttað saman. Lögð er áhersla á að koma á framfæri grunnþekkingu í tölfræði þar sem nemendur munu læra að reikna og túlka niðurstöður og nýta sér SPSS- tölfræðiforritið.

Námsmarkmið:

Að námskeiðinu loknu skal nemandinn:

- Vera fær um að lesa og nýta sér meginlegar rannsóknir,
- Hafa þekkingu á takmörkunum og kostum meginlegra rannsókna
- Vera fær um að gagnrýna rannsóknarsnið meginlegra rannsókna.
- Hafa grunnþekkingu í tölfræði.
- Hafa þjálfast í meginlegum rannsóknnum.
- Kunna að nota SPSS-forritið við framkvæmd rannsókna.
- Kunna að nota mismunandi rannsóknasnið.

Námsmat:

Verkefni og próf

MPR0130 - Meistararannsókn 60 ein.

Forkröfur: EIR0155-Eigindlegar rannsóknir og MER0155-Megindlegar rannsóknir.

Meistararitgerð vegur að öllu jöfnu 60 einingar og skal byggjast á rannsókn. Deildarfundir framhaldsnámsdeildar er heimilt að veita undantekningar á einingafjölda fyrir meistararitgerð, þó aldrei svo að meistararitgerð vegi meira en 90 einingar eða minna en 40 einingar. Rannsóknarefni velur meistaraneinninn í samráði við aðalleiðbeinanda sinn. Neminn lýkur rannsókn sinni með því að skrifa meistararitgerð og uppkast að tímaritsgrein fyrir ritrynt tímarit á fræðasviðinu. Hann gerir jafnframt grein fyrir niðurstöðum sínum í opnum fyrirlestri.

Námsmat: Rannsóknarverkefni

Umsjón með meistaraverkefnum:

Dr. Sigríður Halldórsdóttir, prófessor og formaður framhaldsnámsdeildar.

sigridur@unak.is

Reglur umframhaldsnám:

<http://www.unak.is/heilbrigdisvisindasvid/page/reglurumframhaldsnam>

Handbók um gerð meistaraverkefnis:

<http://staff.unak.is/larag/Heilbrigdisvisindasvid/Framhaldsnam/Handbokmeistaraverkefni.pdf>

Mikilvægar vefslóðir:

Reglur um framhaldsnám:

Vísindasiðanefnd: www.visindasidanefnd.is

Persónuvernd: www.personuvernd.is